



Borgarráð

Hjálögð er tillaga fjármálastjóra að **fjárstýringarstefnu Reykjavíkurborgar** og tillaga að **endurskoðun á reglum um fjárstýringu hjá Reykjavíkurborg**.

Nánari umfjöllun um tillögurnar er í greinargerð sem hér fylgir.

Greinargerð með tillögum

Tillaga fjármálastjóra að endurskoðun reglna um fjárstýringu hjá Reykjavíkurborg var lögð fram í borgarráði 22. maí 2014 ásamt drögum að fjárstýringarstefnu og vísaði borgarráð tillögunni til umsagnar Innri endurskoðunar. Að tillögu Innri endurskoðanda var samþykkt að vísa málinu til umsagnar fjárstýringarhóps. Umfjöllun fjárstýringarhóps hefur tekið lengri tíma en áætlað var vegna anna. Rýning hópsins og sameiginlegir fundir fjárstýringarhóps og áhættustýringarhóps hafa leitt til þess að tillagan að reglum um fjárstýringu hjá Reykjavíkurborg er nú lögð fram að nýju með margvíslegum breytingum sem grein verður gerð fyrir sérstaklega hér að neðan þar sem það á við.

Við endurskoðun reglna um fjárstýringu var einkum horft til þeirra augljósu ágalla sem eru á gildandi reglum, skýrslu Innri endurskoðunar frá október 2010, greinargerðar um eftirfylgniúttekt Innri endurskoðunar á fjármálaskrifstofu frá 2012 auk breytinga sem hafa orðið á sveitarstjórnarlögum og öðrum reglum sem tengjast fjármálum sveitarfélaga. Áhættumatsvinna og vinna að umbótaverkefnum innan fjármálaskrifstofu hefur á undanförunum árum þegar leitt til breytinga á verklagi og verkferlum í fjárstýringu borgarinnar. Markmiðið með þessari endurskoðun er m.a. að setja í fjárstýringarreglur þær umbætur sem orðið hafa á framkvæmd fjárstýringar borgarinnar síðan skýrslan kom út. Reglunum er jafnframt ætlað að skýra skipulag, ábyrgð og verkaskiptingu í fjárstýringu borgarinnar með mun skýrari hætti en núgildandi reglur.

Í greinargerð Innri endurskoðunar til borgarráðs dags. 17. apríl 2009 er fjallað um nauðsyn þess að borgarstjórn skilgreini heildarstefnu á sviði fjármálastjórnunar hjá Reykjavíkurborg. Í heildarstefnu fjármálastjórnunar felst umfjöllun um meginmarkmið og þá undirliggjandi hugmyndafræði eða sýn sem býr að baki hennar. Ennfremur er tilvísun í þann lagaramma sem framkvæmd stefnunnar þarf að byggja á. Fjármálastjóri hefur lagt fram drög að fjármálastefnu Reykjavíkurborgar. Þá liggja einnig fyrir drög að áhættustefnu Reykjavíkurborgar. Hvorki drög að fjármálastefnu eða áhættustefnu eru hér til afgreiðslu. Með þessari tillögu að endurskoðun reglna um fjárstýringu fylgja hins vegar drög að fjárstýringarstefnu Reykjavíkurborgar sem æskilegt er að afgreiða nú í þessu samhengi.

Gagnger endurskoðun var gerð á árinu 2012 á innheimtureglum borgarinnar og fjárstýringardeild hefur síðan unnið að því að stilla upp verklagsreglum og verkferlum í rekstrarhandbók Fjármálaskrifstofu. Reglur um gerð fjárhagsáætlunar voru síðast endurskoðaðar í byrjun árs 2013 og hefur formi og efnisframsetningu þeirra að miklu leyti verið fylgt við endurskoðun fjárstýringarreglna. Þannig hefjast regludrögin á inngangskafli sem lýsir helstu markmiðum fjárstýringar í samræmi við tillögu að fjárstýringarstefnu og eftir fylgir kafli um gildissvið og svo kafli um ábyrgð og



verkaskiptingu. Þá tekur við kafli um meginreglur, auk kafla um upplýsingar, skýrslugjöf og eftirlit. Hér á eftir er nánar fjallað um einstaka kafla í drögum að fjárstýringarreglum.

Eins og áður segir gaf Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar út skýrslu um fyrirkomulag innra eftirlits hjá fjárstýringu Reykjavíkurborgar í október 2010 gaf. Skýrslan byggði í ríkum mæli á áhættumati starfsmanna fjárstýringardeildar sem unnið var með sérfræðingum Innri endurskoðunar og tillögum að umbótaverkefnum sem þeir unnu. Helstu athugasemdir Innri endurskoðunar lutu að:

1. **Skorti á stefnumörkun** - varðandi megináherslur í fjárstýringu Reykjavíkurborgar
2. **Skorti á árangursmarkmiðum** - væntingar borgarinnar um árangur, mælikvarðar
3. **Óskýrum mörkum varðandi framsal valds og ábyrgðar** - fyrirkomulag þess við framkvæmd fjárstýringar, þ.á.m. hvað varðar fjárstýringarhóp
4. **Ófullnægjandi upplýsingagjöf/skýrslugjöf** - fjárstýringarskýrsla sem vöktunartæki og framsetning stjórnendaupplýsinga
5. **Gagnrýni á áhættustjórnun** - innleiðing áhættustjórnunar, áhættumat
6. **Ófullkomnum greiðsluáætlunum** - afstemmingar, greiðslustaða, yfirsýn yfir samninga, verkaskipting milli skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og Fjármálaskrifstofu
7. **Athugasemdum við umsýslu lánamála** - verklag, verkaskipting o.fl.
8. **Aðkomu A-hluta að lántökum B-hluta** - aðkoma og verkaskipting á milli A-hluta og B-hluta fyrirtækja
9. **Innra eftirliti** - uppbygging innra eftirlits, verklagsreglur, ferlar, aðgreining starfa o.s.frv.
10. **Veikum innviðum Fjármálaskrifstofu**

Ofangreind atriði eru flest ávörpuð í fyrirliggjandi tillögu. Í tillögunni eru sett fram skilgreind markmið sem eiga að endurspeglar stefnu borgarinnar á sviði fjármálastjórnunar og fjárstýringar. Gert er ráð fyrir að tekin verði upp árangursstjórnun á sviði fjárstýringar og árangursmarkmið og mælikvarðar samþykkt við afgreiðslu fjárhagsáætlunar á hverju ári. Tillagan gerir ráð fyrir breytingu á umboði fjármálastjóra miðað við gildandi reglur. Þetta er í samræmi við þær óformlegu breytingar sem gerðar voru í kjölfar hrunsins hvað varðar fjárfestingaheimildir fjármálastjóra og í samræmi við þá þrengingu sem gerð var í þessum efnunum í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 sem tóku síðar gildi eða 1. janúar 2012. Tekið er með skýrum hætti á óskýrum mörkum valds og ábyrgðar í tillögunni sem lýst verður nánar hér á eftir. Miklar umbætur hafa átt sér stað í skýrslugjöf á sviði fjárstýringar hjá fjárstýringardeild og sama gildir um greiðsluáætlanir. Tekið er á skýrslugjöf með skýrum hætti í tillögunni og hún útlustuð enn frekar í viðauka. Með skýrari verklagsreglum og verkferlagreiningum hefur fjárstýringardeild þegar mætt flestum ábendingum Innri endurskoðunar varðandi umsýslu lána og innra eftirlit. Fjármálaskrifstofa hefur kerfisbundið unnið að því að efla rökstuðning og gera áhættumat á öllum fjármálagerningum fjármálastjóra. Í tillögunni er gert ráð fyrir að fjármálastjóri upplýsi borgarráð eftir því sem við á vegna eftirlitshlutverks þess. Áfram verður unnið með umbætur á sviði áhættustýringar og það ávarpað sérstaklega í reglunum.

Um einstaka kafla tillögunnar:

1. Markmið

Kaflinn er mun ítarlegri í nýjum reglum og fylgir tillögu að fjárstýringarstefnu Reykjavíkurborgar. Kaflinn tengir reglur um fjárstýringu við aðrar reglur og aðra þætti fjármálastjórnunar hjá Reykjavíkurborg. Í endurskoðaðri tillögu að reglum um fjárstýringu eru talin upp fimm markmið en voru í fyrri tillögu níu. Markmiðin í fyrirliggjandi tillögu eru nákvæmari og markvissari en í fyrri tillögu.



Fyrsta markmiðið felur í sér brýningu um að fjárstýring skuli ávallt hlíta gildandi lögum og reglum. Breytist lög eða reglur er varða fjárstýringu borgarinnar kann að vera nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á reglum um fjárstýringu.

Annað markmið segir með skýrum hætti að fjárstýringin skuli taka mið af ábyrgri og styrkri fjármálastjórn sem þarfnast ekki skýringar.

Þriðja markmið kveður á um að fjárstýringin skuli tryggja að Reykjavíkurborg eigi ávallt nægjanlegt laust fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs. Þar er átt við allar skuldbindingar borgarsjóðs, þ.e. bæði beinar skuldbindingar A-hluta auk ábyrgðarskuldbindinga B-hluta fyrirtækja Reykjavíkur. Auk þess skal tryggja hámarksávöxtun á lausafé borgarinnar í samræmi við fjárfestingarheimildir hverju sinni. Markmið úr fyrri tillögu um að tryggja greiðsluhæfi og aðgengi að lausu fé eru innifalin í þessu.

Í fjórða markmiðinu er lögð áhersla á að fjárstýring borgarinnar byggi á samþykktri fjárhagsáætlun hverju sinni enda eru þetta í raun nátengd verkfæri fjármálastjórnunar borgarinnar. Áætlanir og markmið sett fram í fjárhagsáætlun borgarinnar eru vegvísir fyrir fjárstýringu borgarinnar og fjárhagsáætlanir borgarinnar grundvöllur fjárstýringar- og greiðsluáætlana. Í þessu markmiði er minnt á mikilvægi þess að meta langtímaáhrif fjárhagslegra skuldbindandi ákvarðana á rekstur, efnahag og sjóðstreymi áður en til þeirra er stofnað. Við gerð fjárhagsáætlunar skal veltufé frá rekstri taka mið af afborgunum langtímaskuldbindinga og nauðsynlegri endurnýjun fastafjármuna. Þessi síðasttöldu atriði voru sjálfstæð markmið í fyrri tillögu en eru nú sett fram í eðlilegra samhengi fjárstýringar og fjárhagsáætlunar.

Í fimmta markmiðinu er kveðið á um markmið varðandi áhættur og er þetta markmið styrkt varðandi skyldu fjárstýringar að vinna samkvæmt áhættugreindum verkferlum.

Í sjötta markmiðinu er í stað almennrar skírskotunar í árangursstjórnun haft nákvæmara orðalag um hvernig unnið skuli að þessu leyti.

Í fyrri tillögu var fjallað um fjárfestingar og hvernig skuli staðið að þeim. Fjárfestingaráætlun er hluti af fjárhagsáætlun og fjárfestingaákvörðanir tengjast fjárstýringu borgarinnar á mikilvægan hátt. Mikilvægt er að setja sérstaka fjárfestingarstefnu sem kveður á um markmið og leiðir. Nýjar fjárfestingar hafa áhrif á rekstur, efnahag og sjóðstreymi og fjárstýringu til langs tíma.

2. Gildissvið

Þessi kafli er nýr í endurskoðaðri tillögu og tekur af tvímæli um gildissvið reglnanna.

3. Ábyrgð og verkaskipting

Í núgildandi reglum er kafli um ábyrgð og eftirlit en í nýjum reglum var ákveðið að skipta þessu upp og hafa þessa kafla mun ítarlegri og um leið skýrari en í núgildandi reglum. Kaflinn skiptist í sex áherslupunkta þar sem farið er ítarlega yfir ábyrgð á fjármálastjórn borgarinnar, framsals valds og verkaskiptingu. Farið er yfir ábyrgð og hlutverk borgarstjórnar, borgarráðs, borgarstjóra, fjármálastjóra, fjármálaskrifstofu og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Helstu nýmæli í endurskoðaðri tillögu lúta að því að ekki er lengur gert ráð fyrir að borgarráð skipi fjárstýringarhóp sem fari með eftirlitshlutverk fyrir hönd borgarráðs gagnvart fjárstýringu fjármálastjóra og fjármálaskrifstofu fremur en að sérstakir eftirlitshópar fari með eftirlit gagnvart fjárhagsáætlunarvinnu, uppgjörsvinnu, bókhaldi eða launaafgreiðslu á fjármálaskrifstofu eða framkvæmd fjárfestinga hjá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Í fyrirbyggjandi tillögu að reglum um fjárstýringu hjá Reykjavíkurborg er gengið út frá að fjárstýringin vinni samkvæmt settum markmiðum,



verklagsreglum og áhættugreindum verkferlum og skili af sér reglubundinni skýrslugjöf til borgarstjóra og borgarráðs sem fer með eftirlitshlutverk gagnvart fjármálaskrifstofu og fjármálastjórn borgarinnar. Fjármálastjóri er í starfi sínu bundinn af fyrirmælum laga og reglna og þeim umboðsheimildum sem hann hefur samkvæmt reglum og sérstökum ákvörðunum borgarráðs og borgarstjórnar. Með innleiðingu verklagsreglna og áhættugreindra verkferla í fjárstýringu borgarinnar er leitast við að byggja upp nútímanlegt og traust verklag. Athuganir Innri endurskoðunar á fylgni fjármálastjóra við reglur þessar, verklagsreglur og verkferla, eiga að varpa ljósi á veikleika að þessu leyti. Bætt skýrslugjöf er einnig mikilvægur hlekkur til að skapa nauðsynlega umgjörð um eftirlit kjörinna fulltrúa. Þetta er hugmyndafræðin að baki því eftirlitsumhverfi sem endurskoðuð tillaga að reglum um fjárstýringu byggir á.

Þrátt fyrir þá breytingu sem felst í því að fjárstýringarhópur í núverandi mynd verður lagður niður mun fjármálaskrifstofa efla faglegt samstarf og samráð með því að formgera faghópa milli deilda fjármálaskrifstofu, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, umhverfis- og skipulagssviðs vegna Eignasjóðs og annarra sviða sem mun ekki aðeins taka til fjárstýringar heldur einnig fjárhagsáætlunargerðar, uppgjöra og áhættumats.

4. Meginreglur

Í upphafi kaflans er grunnforsenda fjárstýringar sett fram í meginmáli kaflans, þ.e. að gera skuli greiðsluáætlanir til 12 mánaða í senn. Þessi krafa er í núgildandi reglum í undirkaflanum *Reglur um lausafjárstýringu* en gerð greiðsluáætlana er nauðsynleg við fleiri þætti fjárstýringar en bara lausafjárstýringu og því er þetta sett upp sem meginregla. Heimildir til skammtímalántöku, sé þess þörf, til að tryggja greiðsluhæfi borgarsjóðs og ávöxtun á umfram fé í samræmi við fjárfestingarheimildir hverju sinni eru einnig settar fram sem meginregla. Meginreglur skiptast síðan í sex undirkafla og eru þrír þeirra sambærilegir við undirkafla meginreglna í núgildandi reglum þó ýmsar breytingar hafi verið gerðar á þeim í takt við þá augljósu ágalla sem eru á gildandi reglum sem og vegna athugasemda í skýrslu Innri endurskoðunar frá október 2010, greinargerðar um eftirfylgniúttekt Innri endurskoðunar á fjármálaskrifstofu frá 2012 auk breytinga sem hafa orðið á sveitarstjórnarlögum og öðrum reglum sem tengjast fjármálum sveitarfélaga. Breytingar í endurskoðaðri tillögu lúta einkum að því að fjárstýringarhópur verður ekki lengur til samkvæmt tillögunni og upplýsingagjöf snýr því beint að borgarráði.

4.1. Reglur um lausafjárstýringu

Þessi kafli er í núgildandi reglum. Í nýjum reglum skiptist þessi kafli í þrjá áherslupunkta. Fyrsti punkturinn tekur skýrt fram heimildir fjármálastjóra til fjárfestinga án sérstaks samþykkis borgarráðs. Áður en fjárfestingar eru ákveðnar verður ávallt að gera formlegt áhættumat. Heimildirnar eru eins og þær voru samþykktar af borgarráði þann 7. desember 2013. Ítarlegri skilgreiningar og markmið verða sett fram í sérstöku heimildarákvæði sem skulu uppfærð árlega og lögð fram borgarráð, samhliða fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Í núgildandi reglum um fjárstýringu er sett fram markmið um ávöxtun en það hefur verið tekið út í nýjum reglum þar sem markmið um ávöxtun breytast reglulega eftir því sem markaðsaðstæður breytast og því verða markmið um ávöxtun sett fram í heimildarákvæðunum og því uppfærð a.m.k. árlega. Annar punkturinn tekur fram heimildir fjármálastjóra til skammtímalántöku án sérstaks samþykkis borgarráðs ef lausafjárstaða er þröng. Skammtímalántaka er ekki heimil nema að undangengnu formlegu áhættumati. Í núgildandi reglum nær þessi heimild fjármálastjóra eingöngu til að taka yfirdráttarlán hjá viðskiptabanka að fjárhæð allt að 990 mkr. til allt að 12 mánaða. Í nýjum reglum er þessi heimild útvíkuð þannig að fjármálastjóra verði einnig heimilt að taka skammtímalán hjá fjármálastofnun eða gefa út víxla á verðbréfamarkaði til allt að 12 mánaða og að þessar skuldir megi þó aldrei vera hærrí en 3.000 mkr yfir hvert 12 mánaða tímabil, sbr. viðauki 1. Allt eru þetta skammtímalánaform sem fyrirtæki og stofnanir nýta sér



á Íslandi og geta kjörin verið mismunandi allt eftir því hvernig markaðsaðstæður eru hverju sinni. Það að heimila eingöngu töku á yfirdrætti dregur hugsanlega úr möguleikum borgarinnar til að lágmarka fjármagnskostnað hverju sinni. Fjárhæðamörk vegna skammtímalántöku eru tekin út úr nýjum reglum og verða sett fram í sérstöku heimildarákvæði í viðauka 1 sem skulu uppfærð árlega og lögð fram fyrir borgarráð, samhliða fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Þriðji punkturinn er nýr og í endurskoðaðri tillögu er gert ráð fyrir að fjármálastjóri skuli kynna borgarráði allar ákvarðanir í lausafjárstýringu ásamt greinargerð og áhættumati.

4.2. Heimild til útvistunar fjárvörslu verðbréfa

Þessi kafli er nýr miðað við gildandi reglur. Reykjavíkurborg hefur útvistað fjárvörslu á verðbréfasafni borgarinnar í nokkur ár skv. sérstakri heimild borgarráðs. Hér er sett fram hvernig því skal háttað og það skilyrði sett að verðbréf borgarinnar skulu ávallt vera skráð á kennitölu Reykjavíkurborgar. Árlega skal sett fram sérstök fjárfestingarstefna vegna útvistaðrar fjárvörslu sem skal lögð fram fyrir borgarráð til staðfestingar og telst stefnan viðauki, sbr. viðauka 2, við þessar reglur. Í endurskoðari tillögu er fjármálastjóra gert skylt að kynna stöðu verðbréfasafns reglulega til borgarráðs.

4.3. Reglur um fjármögnun framkvæmda

Þessi kafli er í núgildandi reglum. Kaflinn er nú settur fram með fjóra áherslupunkta þar sem ábyrgð og samstarf Fjármálaskrifstofu og skrifstofu eign- og atvinnuþróunar er lýst. Í fyrri tillögu frá 20 maí sl var gert ráð fyrir að fjármagna nýjar fjárfestingar að jafnaði með 70% eiginfjárframlagi en fallið er frá þessu í endurskoðaðri tillögu enda er þetta sjálfstæð ákvörðun borgarstjórnar í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar hvert ár. Þá var í fyrri tillögu sett fram það skilyrði að kynna tillögur varðandi varðandi fjármögnun fjárfestinga og lántökur fyrir fjárstýringarhópi áður en þær eru lagðar fyrir borgarráð en fallið er frá þessu í endurskoðaðri tillögu enda gert ráð fyrir að fjárstýringarhópur starfi ekki áfram.

4.4. Stýring lánskjara

Þessi kafli byggir á kaflanum *Reglur um lánsfjárstýringu* í núgildandi reglum, en í þeim felast mjög víðtækar heimildir til handa fjármálastjóra, án sérstaks samþykkis borgarráðs, til stýringar lánskjara, gerð afleiðusamninga auk þess sem í kaflanum eru ýmsir mælikvarðar er varðar áhættustýringu erlendra lána. Kaflinn í nýju reglunum dregur verulega úr þessum heimildum fjármálastjóra auk þess sem heimildir eru settar fram með mun skýrari hætti. Mælikvarðar er varða áhættustýringu verða settir fram í viðauka með nýjum reglum. Kaflinn er nú settur fram í þremur áherslupunktum. Í fyrsta punktinum segir að fjármálastjóra sé heimilt, án sérstaks samþykkis borgarráðs, að endursemja um lánskjör lána eða eftir atvikum myntsamsetningu þeirra á grundvelli endurskoðunarákvæða sem lánasamningarnir fela í sér. Hér er litið svo á að þegar lántaka var upphaflega samþykkt þá hafi endurskoðunarákvæði lánsins, eigi það við, einnig verið samþykkt. Því þarf ekki sérstakt samþykki borgarráðs til að endursemja um lánskjör á grundvelli ákvæða sem voru í lánsamningi í upphafi. Sett er sem skilyrði að formlegt áhættumat þurfi að fara fram og að ný lánskjör séu hagstæðari en þau eldri. Fjármálastjóri hefur einnig heimild til að segja upp láni skv. ákvæðum lánssamnings og leggja til endurfjármögnun á hagstæðari hátt. Kynna skal borgarráði slíka ráðstöfun. Tillögur varðandi nýjar lántökur skulu ásamt greinargerð og áhættumati ávallt lagðar fyrir borgarráð til samþykktar og fyrir borgarstjórn ef lántakan rúmast ekki innan lántökuheimildar fjárhagsáætlunar ársins. Sama á við ef lánskjör eru endurskoðuð í lánasamningum sem gera ekki ráð fyrir endurskoðun lánskjara. Þriðji punkturinn segir að fjármálastjóra sé óheimilt að gera gjaldmiðlaskiptasamninga eða aðra afleiðusamninga nema með sérstakri heimild borgarráðs en fjármálastjóri hefur heimildir til gerð slíkra samninga, án sérstaks samþykkis borgarráðs, í núgildandi reglum.



4.5. Ábyrgðarskuldbindingar vegna fyrirtækja í eigu borgarinnar

Þessi kafli er nýr en einn punkturinn í markmiðum í þessum reglum segir að „Fjárstýringin skal tryggja að Reykjavíkurborg eigi ávallt aðgengi að nægjanlegu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs, þar með talið ábyrgðarskuldbindingar vegna fyrirtækja í eigu borgarinnar.“ Settar hafa verið verklagsreglur varðandi verklag komi til nýrrar ábyrgðarskuldbindingar eða breytingar á ábyrgðarskuldbindingum borgarinnar. Þessar verklagsreglur eru viðauki við þessar reglur og skal endurskoða árlega eins og aðra viðauka.

4.6. Breyttar forsendur innan rekstrarársins

Þessi kafli er nýr og í takt við sambærilegan kafla í reglum um gerð fjárhagsáætlunar. Þær aðstæður geta komið upp að verulegar breytingar verði á forsendum innan fjárhagsársins sem tengjast fjárstýringu borgarinnar og þá verður að vera ljóst hvað gera skuli. Þetta er því mikilvægt ákvæði.

4.7. Árangursmiðuð fjármálastjórn

Þessi kafli er nýr og í takt við sambærilegan kafla í reglum um gerð fjárhagsáætlunar. Ákveðið hefur verið að fjármálastjórn Reykjavíkurborgar skuli byggjast á aðferðafræði árangurstjórnunar.

5. Skýrslugjöf

Þessi kafli er nýr. Í honum kemur fram hver ber ábyrgð á skýrslugerð og skýrslugjöf í tengslum við fjárstýringu borgarinnar og hver verkaskiptingin sé. Þar kemur einnig fram sú mynd sem skýrslunum er ætlað að draga upp. Í endurskoðari tillögu er nú gerð mun skýrari grein fyrir þeirri skýrslugjöf sem verður veitt borgarráði reglulega en þar verður lögð áhersla á að gefa borgarráði trausta mynd af fjármögnun borgarsjóðs á hverjum tíma, stöðu lána og lausafjár og árangri fjárstýringar. Þá er hér fallið frá þeirri kröfu í fyrri reglum að „Fjármálaskrifstofa skal upplýsa borgarstjóra samdægurs um alla ákvarðanatöku“ sem varla er framkvæmanlegt. Fyrirkomulagi varðandi skýrslugjöf er nánar lýst í viðauka 4.

6. Eftirlit með framkvæmd

Kafliinn er í raun nýmæli en hefur tekið miklum breytingum í endurskoðaðri tillögu í takt við 3 kafla. Í endurskoðaðri tillögu er gert ráð fyrir því að borgarstjóri eða fjármálastjóri í umboði hans geri borgarráði mun ítarlegri grein fyrir framkvæmd fjárstýringar en verið hefur og að eftirlitið með framkvæmdinni verði milliliðalaust hjá borgarráði í stað þess sem nú er. Forsenda þess að það takist er að stefna og markmið fjárstýringar séu skýr, að innra eftirlitskerfið sé virkt og borgarráð fái ásættanlega skýrslugjöf um framkvæmdina.

7. Almennar starfs- og siðareglur

Þessi kafli er nýr. Í honum er farið yfir almennar starfs- og siðareglur þeirra starfsmanna sem vinna við fjárstýringu Reykjavíkurborgar auk þess sem þar kemur fram að þeir séu skráðir sem fruminnherjar hjá Fjármálaeftirlitinu. Fruminnherjar þurfa að fara eftir gildandi lögum og reglum um meðferð innherjaupplýsinga auk þess sem verulegar takmarkanir eru á viðskiptum fruminnherja á verðbréfamarkaði og því er talið nauðsynlegt að hafa það skýrt í reglunum um fjárstýringu hjá Reykjavíkurborg.

8. Viðaukar

Þessi kafli er nýr. Gert er ráð fyrir að reglunum fylgi viðaukar sem eru endurskoðaðir á hverju ári.



Í fyrsta viðauka er fjallað um heimildarákvæði annars vegar til fjárfestinga lausafjár þegar lausafjárstaða leyfir og hins vegar heimildir til skammtímalántöku. Sveitarstjórnarlög takmarka mjög í hverju sveitarfélög mega fjárfesta sem er fyrst og fremst ríkisverðbréf og innlán í bönkum. Í því samhengi verður að líta til þess að ávöxtun ríkisbréfa er slök og innlán sveitarfélaga í innlánsstofnunum njóta ekki innlánstryggingar eins og einstaklingar og fyrirtæki. Í ákvæðinu um skammtímalántöku er í endurskoðaðri tillögu að bæta inn að heimild sé að taka skammtímalán hjá fjármálastofnun eða gefa út víxla. Heimildin gildir til allt að 12 mánaða í senn eins og í núgildandi reglum.

Í öðrum viðauka er fjárfestingarstefna vegna útvistaðrar fjárvörslu. Stefnan sem birtist í viðauka 2 með tillögunni er sú sem er í gildi fyrir 2014 en þessi stefna endurskoðuð árlega með fjárvörsluaðila og staðfest af borgarráði.

Í þriðja viðauka er lýsing á því áhættumati sem skal fara fram við bæði lausafjár- og lánastýringu. Í viðaukanum er vinnulagi við gerð áhættumats lýst auk þess sem tilgreindir eru þeir áhættuþættir sem skal sérstaklega líta til við gerð áhættumats.

Í fjórða viðauka er yfirlit yfir þær skýrslur er varða fjárstýringu, bæði til borgarstjóra og borgarráðs og einnig til fjármálastjóra og faghóps. Skýrslurnar geta bæði staðið sjálfstætt eða verið hluti af stærri skýrslu eins og greinargerðum með uppgjörum og fjárhagsáætlun. Skýrslunum er ætlað að gefa góða mynd um framkvæmd fjárstýringar og árangur lána- og lausafjárstýringar.

Í fimmta viðauka eru þær verklagsreglur sem gilda þegar fjallað er um ábyrgðarskuldbindingar sem borgarsjóði er ætlað að axla vegna fyrirtækja í eigu borgarinnar.

Birgir Björn Sigurjónsson
fjármálastjóri